



Tálknafjarðarhreppur
b.t Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri
Strandgata 38
460 Tálknafjörður

Vetrarþjónusta 2024-2027

Vegagerðinni barst erindi frá Tálknafjarðarhrepp varðandi vetrarþjónustu útboð Vegagerðarinnar 2024-2027. Í bókun Tálknafjarðarhrepps er lýst yfir áhyggjum á breyttu fyrirkomulagi og lögð áhersla á að Vegagerðin tryggi að vetrarþjónustu verði ávallt sinnt sem best má verða og að vandað sé til verka við undibúning útboðs ef breyta á leiðum í vetrarþjónustu.

Varðandi tilhögun á vetrarþjónustuútboðum þá er staðan sú að núverandi þjónustuaðili á svæðinu mun ekki framlengja þann samning sem í gildi er um þessa leið og því edlilegt, samhlíða því að bjóða þurfi út aftur að verklagið sé endurskoðað.

Vegagerðin nú sem endra nær leggur ávallt upp með það að þjónustan sé sem best við vegfarendur og öryggi þeirra sé sem tryggast. Þegar verið er að skipuleggja þjónustu þá er ávallt reynt að nýta tæki og búnað sem best verður á kosið, ásamt því að gera þjónustuna eins skilvirkra og hægt er.

Nú stendur fyrir dyrum tvö útboð á vetrarþjónustu 2024-2027 sem ætlað er að gera þjónustuna skilvirkari og á sama tíma auka þjónustustigið á sunnan verðum Vestfjörðum.

Vetrarþjónusta Vestur-Barðarstrandasýsla:

Í þessu útboði verður leiðin Patreksfjörður – Flókalundur boðin út í staðin fyrir að bíllinn fari alla leið í Kollafjörð og styttr því leiðina um 56 km. Þetta er gert til þess að auka þjónustu á leiðinni Patreksfjörður – Bíldudalur og viðkomandi mokstursbíll getur því sinnt mokstri betur á því svæði í báðar áttir. Það hefur marg oft komið fram ósk um aukna þjónustu á því svæði frá sveitarfélögunum á sunnan verðum Vestfjörðum og er með þessu verið að koma til móts við þá ósk.

Vetrarþjónusta Dynjandi – Klettsháls:

Annað útboð sem fyrirhugað er, hér er verið bjóða út þá leið með mokstursbifreið staðsetta í Flókalundi sem mun því geta séð um mokstur á leiðinni frá Flókalundi á Klettsháls óháð veðri eða snjó á Dynjandisheiði. Ef þannig aðstæður skapast að viðkomandi mokstursbifreið nær ekki að sinna viðkomandi vegaköflum þá hefur Vegagerðin þann möguleika að færa mokstursbifreiðar á aðliggjandi köflum á milli til þess að bregðast við hverju sinnir en það er bara stjórnunarlegs eðlis þegar þannig stendur á.

Vegagerðinni er einnig nokkuð vel kunnugt um hversu krefjandi vetrarþjónusta á fjallvegi eins og Dynjandisheiði er og er alveg ljóst að því verkefni verður varla sinnt með einum mokstursbíl í framtíðinni því verður sá möguleiki opinn að hafa fleiri en eitt tæki þar að störfum þegar aðstæður eru slæmar.

Eins og fram hefur komið er það mat Vegagerðarinnar að hér sé um að ræða aukna þjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum eins og ákall hefur verið um og væntanlega um misskilning að ræða að hér sé verið að skerða þjónustu með einhverju móti.

Undirritaður er ávallt tilbúinn nú sem endranær að taka samtalið ef óskað er eftir nánari upplýsingum um málefnið.

Síða 2/2

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Pálmi Þór Sævarsson

Vegagerðin